

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Stykkishólmsbæ.

*Nýrækt, deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti 13. maí 2015 deiliskipulag fyrir Nýrækt.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag. Svæðið er um 35 ha og liggur í jaðri þéttbýlis Stykkishólms, austan við Byrgisborg. Á svæðinu hefur verið stundað húsdýrahald frá því um 1933-1935. Stærsta holtið nefnist Grensás og þar er skógrækt. Markmið deiliskipulagsins er að skilgreina lóðir fyrir frístundabúskap, dýraspítala og skógrækt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 10. júní 2015.*

**Sigurbjartur Loftsson** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. júní 2015